

14. gr.
Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 50 000 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. ágúst 1975.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhannes Guðfinnsson.

5. ágúst 1975.

Nr. 368.

G J A L D S K R Á
Hitaveitu Ólafsfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 367, 5. ágúst 1975.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað. Einnig selur hitaveitan vatn eftir magnmæli, ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mesta álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnmæli.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald, kr. 400.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald, kr. 650.00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín þriðja hvern mánuð, og skulu þau greiddast til skrifstofu Ólafsfjarðarkaupstaðar. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 10 daga frá gjaldldaga.

6. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð: Fyrir hús allt að 400 m³ að utanmáli kr. 50 000.00 og síðan kr. 100.00 fyrir hvern m³ þar yfir.

7. gr.

Hitaveitu Ólafsfjarðar er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld skv. 4. og 6. gr. í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með heitu vatni ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með oliukyndingu. Gjöld skv. 4. og 6. gr. miðast við byggingarvísitöluna 1881 stig. Breyting til hækkunar skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimædagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 1 ári á hluta gjaldsins ef um er samið á gjaldldaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af hitaveitugjöld.

Fyrirællun um lokun ber að tilkynna með a. m. k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, kr. 1 000.00 í hvert skipti.

Fullt afnotagjald ber að greiða fyrir þann tíma, sem hitavatnsæðum er lokað vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirællum um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 5. ágúst 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.